UMHVERFISSTOFNUN

Gerð áhættumats

Gátlisti við gerð áhættumats fyrir sund- og baðstaði

NAFN SUND- OG BAÐSTAÐAR ____________________

STÆRÐ SUND- OG BAÐSTAÐAR ____________________

NAFN SKOÐUNARMANNS ____________________ **DAGSETNING** ____________________

ATHUGIÐ: *Skoða þarf sund- og baðstaðinn í heild sinni. Ef fleiri en ein setlaug er á svæðinu eða fleiri en einn inngangur þarf að merkja sérstaklega við skoðun fyrir hvern og einn stað.*

* **V** Í lagi **X** Ekki í lagi **O** Á ekki við

	* MAT (V X EÐA O)	FRÁVIK OG HVENÆR LAGFÆRT?
Eru holur eða mishæðir í malbiki á bílastæði sem valdið geta falli?	O	
Eru hellur göngustíga með misháum brúnum sem valdið geta falli?	O	
Eru hálkuvarnir á bílastæði, göngustígum að sundstað og við inngang fullnægjandi?	O	
Er lóð við byggingu örugg? Ekki rusl, glerbrot eða annað sem getur valdið hættu?	O	
Er aðkoma sjúkrabíls merkt? Er þess gætt reglulega að ekki séu hindranir í stæði sjúkrabíls, s.s. bílum lagt?	O	
Er aðkoma slökkviliðs að byggingu greið? Er þess gætt reglulega að ekki séu hindranir, s.s. bílum lagt fyrir?	O	
Eru tröppur/stétt við inngang í lagi? Ekki misháar eða brotnar hellur sem valdið geta falli?	O	
Er handrið við tröppur/stétt við inngang?	O	
Er rampur fyrir hjólastól við inngang og hann heill og greiðfær?	O	
Er lýsing fullnægjandi við verstu skilyrði og er hún jöfn frá bílastæði og á öðrum gönguleiðum að og við byggingu?	O	
Eru hjólreiðastandar festir við vegg? Standar sem festir eru við gangstétt geta valdið fallhættu.	O	
Eru niðurföll í lagi, rennur vatn óhindrað niður? M.t.t. hálkumyndunar, drukknunarhættu.	O	
Eru ristar fyrir niðurföll og eru þær vel festar? Er gengið frá ristum í niðurföllum þannig að þær valdi ekki falli?	O	
Er girðing í kringum sundlaugina samkvæmt reglugerð og er hún heil? Er einhver hluti hennar hættulegur – brotinn eða getur valdið vegfaranda skaða?	O	
Er gróður í kringum lóð snyrtur þannig að hann byrgi ekki útsýni á göngustígum?	O	
Er daglegt eftirlit með aðkomu að sundlaug virkt og er farið eftir gátlista? Eru þau atriði sem fram koma sem frávik lagfærð strax eða tímabundnar úrbætur gerðar til að koma í veg fyrir slys?	O	
Eru mottur við útidyr sléttar, heilar og stamar þannig að þær valdi ekki falli?	O	
Í miklu votviðri og snjó þegar bleyta berst inn, er þá skipt ört um mottur til þess að bleyta berist ekki inn á gólf?	O	
Eru hreinsitæki á eða við lóð laugar? Eru þau heil, stöðug og undirlagið í kringum þau laust við grjót eða annað sem valdið getur falli eða áverka?	O	
Eru ruslatunnur staðsettar þannig að þær séu ekki upp við húsið? Eru reglur um úrræði vegna skemmdarverka á þeim?	O	
Eru leikvallatæki á lóðinni eða við sundlaugina sem eru á hennar ábyrgð?	O	
Fer aðili frá rekstraraðila reglulega yfir tækin, lagfærir skemmdir og framkvæmir lögbundið viðhald?	O	
Er framkvæmd árleg aðalskoðun á leikvallatækjum á lóðinni?	O	
Er farið daglega yfir leiksvæði á lóðinni?	O	
Er farið í laug utan opnunartíma? Ef svo er, eru hafðar sérstakar gætur á að ekki séu glerbrot eða annað til staðar þegar gestum er hleypt í laug?	O	
INNGANGUR		
Er hurð auðveld í notkun fyrir fatlaða og börn? Eru klemmuvarnir í falsi hurða?	O	
Ef ekki er vindfang/skýli við hurð sem dregur úr álagi vinda á hurðina, virkar þá pumpan vel, þannig að hurðin hallist hægt að í verstu veðrum (rok stendur upp á hurð)?		
Er pumpa á hurð, virkar hún rétt? Lokast fyrst hratt en hægir síðan á sér og leggst hægt aftur?		
Er hurðarstoppari staðsettur við efri hluta hurðar?		
Ef hurð er rafknúin virka skynjarar beggja vegna við hurðina þannig að hún lendi ekki á gestum?		
Virkar öryggishnappur og sjálfvirkur öryggisbúnaður hurðarinnar?		
Er hurðin skoðuð reglulega af Vinnueftirliti og er viðhald hennar í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda?		
Eru skóhillur fastar við vegg? Er gengið frá skóm þannig að þeir myndi ekki fallhættu fyrir gesti?		
Er öryggisgler í hurðum? Er merking á gleri til að hindra að gestir gangi á glerið?		
Kemst einstaklingur sem býr við fötlun hindrunarlaust um alla staði laugar? Ef ekki, eru þá til leiðbeiningar um móttöku og aðstoð við fatlaða?		
GLUGGAR OG GLER		
Eru speglar með öryggisgleri eða límdir beint á vegg þannig að glerbrotin haldist saman og falli ekki yfir gesti þótt spegill brotni? Eru speglar festir við vegg þannig að ekki sé hægt að taka þá niður?		
Eru sólbekkir við glugga þannig að ekki sé hætta á að barn festi útlimi í bilum á milli veggs og bekkjar?		
Eru öryggislæsingar á gluggum þannig að ekki sé hægt að opna þá meira en 10 sm?		
Er gler í gluggum óbrotið?		
Er hætta á að barn/gestur geti klemmt sig á stormjárnum?		
Reglur um aldurstakmörk og annað er snýr að öryggi barna:		
Eru reglur um aldurstakmörk í tæki í tækjasal (ef til staðar) og eru leiðbeiningar um notkun þeirra sýnilegar gestum?		
Eru reglur um aldurstakmark barna í gufubað?		
Eru reglur um tímlengd gesta í gufubaði og hitastig í gufubaði?		
Eru reglur um að gestir megi ekki hlaupa á laugarbökkum og í almenningsrými? Eru þær sýnilegar gestum?		
Eru reglur um aldurstakmörk barna og hegðun gesta í vatnsrennibrautum virtar? Eru þær í samræmi við upplýsingar frá framleiðanda brautar? Eru þær sýnilegar gestum?		
Er starfsfólk á varðbergi gegn hvers konar ofbeldi gagnvart gestum? Eru til viðbragðsáætlanir um slíkt og eru þær virkjaðar?		
Eru reglur um aldurstakmark barna virtar (er börnum yngri en 10 ára hleypt einum í laug)?		
Eru reglur um fjölda barna miðað við einn fullorðinn virtar? Er aldurstakmark virt um að einungis einstaklingur 15 ára og eldri megi hafa með sér börn?		
Er til viðbragðs-áætlun um hvernig taka skuli á því þegar börn undir 10 ára sem eru í fylgd 15 ára og eldri eru eftirlitslaus? Er hún virt?		
Er til viðbragðsáætlun við hegðunarvanda gesta? Er hún virt?		
Stærð sundlaugar, laugargæsla:		
Er tryggt að laugarvörður hafi 100% yfirsýn með gestum í laug allan tímann?		
Ef hann sér ekki alla laugina, hversu stór hluti af yfirsýn er fenginn með því að nota myndavélar?		
Hefur verið gerð könnun á því hvort um grá svæði sé að ræða (svæði sem sjást ekki)?		
Ef speglar eru notaðir hversu stór hluti af yfirsýn er í spegli?		
Hefur verið gerð könnun á því hvort um grá svæði sé að ræða (svæði sem sjást ekki)?		
Ef laugarvörður er þannig staðsettur að hluti af yfirsýn hans er í gegnum myndavél, er þá skjárinn skýr og nægilega stór til þess að vörðurinn sjái öll frávik?		
Kunna laugarverðir að greina aðdraganda drukknana, bæði blaut- og þurrdrukknunar?		
Hefur laugarvörður yfirsýn yfir vatnsrennibraut þar sem farið er í hana og úr henni?		
Hefur laugarvörður yfirsýn yfir vaðlaugar, setlaugar, inngang að gufubaði og aðra staði þar sem hættur eru á meiðslum og veikindum gesta?		
STÖRF		
Eru allir starfsmenn laugargæslu eldri en 18 ára?		
Hafa afleysingarstarfsmenn lokið 24 stunda grunnnámskeiði í skyndihjálp og björgun úr laug, ásamt átta tíma upprifjunarnámskeiði, hafi þeir starfað við sundlaugarvörslu áður?		
Eru störf allra starfsmanna skilgreind og hlutverk þeirra í neyðaráætlun skýrt og hafa þeir hlotið viðeigandi þjálfun?		
Ef sundstaðurinn má hafa einungis einn sundlaugarvörð við gæslu hverju sinni hefur þá sá starfsmaður, eða starfsmenn, hlotið sömu grunnþjálfun og laugarverðir og viðhaldið henni?		
Er skilgreining starfs samkvæmt reglugerð?		
Eru kallaðir til viðbótar sundlaugarverðir á álagstímum? Hafa þeir hlotið þá þjálfun sem reglugerð gerir kröfur um?		
Eru verklagsreglur um hvenær kalla beri út viðbótar laugarvörð ?		
Er fjöldi gesta í og úr laug skráður þannig að hægt sé að fylgjast með fjölda gesta hverju sinni?		
Eru reglur um hámarkstíma gesta í laug?		
Er aðgengi að laug lokað ef gestafjöldi hefur náð þeirri hámarkstölu sem starfsleyfi segir til um?		
Við slæmar veðurfarsaðstæður þar sem laugarvörður sér ekki gesti frá vaktpósti, er þá kallaður til vara laugarvörður sem sinnir gæslu frá bakka?		
ÖRYGGISBÚNAÐUR		
Er lýsing á botni laugar sem auðveldar yfirsýn laugarvarðar?		
Er salt til staðar til notkunar í hálku?		
Er ósyndum börnum gert skylt að nota flotbúnað?		
Eru reglur um að börn megi ekki nota hringlaga kúta? Er skilti á áberandi stað sem sýnir það skýrt? Er foreldrum barna bent á það ef þau fara ekki eftir banninu?		
Eru armkútar fyrir börn til útláns í lauginni?		
Er daglegt eftirlit með að búnaðurinn sé í lagi og er ónýtur búnaður tekinn úr notkun?		
Er skilti við geymslustað armkúta sem bendir foreldum á rétta notkun og flotgetu kútanna?		
BÚNINGSAÐSTAÐA		
Er salernisaðstaða í lagi og ekki hætta á slysum?		
Er hurð á salerni með klemmuvörn?		
Er hætta á að gestir geti skaðað sig á tám , klemmt tær í hurð?		
Eru vaskar vel festir við vegg?		
Eru utanáliggjandi rör sem flytja heitt vatn í handlaug hulin?		
Er hitastig í handlaug í samræmi við reglugerð, þannig að börn og aðrir geti ekki brennt sig á heita vatninu (hámarkshiti 43° gráður)?		
Er spegill fastur við vegg og er glerið óbrjótandi?		
Eru innstungur í lagi?		
Eru gólfefni stöm í bleytu?		
Eru vinnureglur um að fylgst sé með bleytuvandamálum og er brugðist strax við bleytuvanda?		
Eru skálar undir sápuskömmturum þannig að sápa leki ekki niður á gólf og valdi hálku?		
Eru skiptiborð í búningsklefum fyrir bæði kyn? Eru þau föst við vegg? Eru leiðbeiningar um að líta ekki af barni sýnilegar notanda?		
Eru beisli á skiptiborðum og hliðar þeirra 10 cm á hæð? Getur notandi lagt frá sér þann búnað sem hann notar við að skipta á barni?		
Eru hættur í nálægð við skiptiborð t.d. heit rör óvarin eða hættuleg efni, handspritt o.fl.?		
Er hárþurrka? Er hún í lagi en ekki brotin og skemmd? Er hún staðsett nálægt vatni? Ef svo er þarf að flytja hana.		
Eru bekkir í búningsklefa fastir þannig að þeir geti ekki fallið á gesti?		
Eru barnastólar sem foreldrar geta sett börn í á meðan þeir klæða sig? Eru þeir með beisli og í lagi, ekki brotnir eða skemmdir?		
Balar, staðsetning og notkun, eru leiðbeiningar um frágang þeirra og notkun?		
Eru handlistar frá búningsklefum að sundlaug og setlaugum til stuðnings fyrir gesti sem eiga erfitt með gang?		
Er hurð á leið út að laug? Er hún með klemmuvörn í falsi og þannig frá gengin að gestir meiðist ekki á tám?		
GUFUBAÐ – VATNSGUFA		
Eru klemmuvarnir á hurð?		
Er hurðin vel opnanleg innan frá (situr ekki föst)?		
Neyðarhnappur – er hann á áberandi stað og vel merktur?		
Er ljós sem sýnir útgönguleið?		
Er yfirborð á bekkjum slétt (laust við flísar)?		
Er eitthvað heitt sem getur brennt gesti, t.d. vatnsstautar eða heitar leiðslur?		
Er hitavari sem tryggir að hiti fari ekki upp fyrir leyfilegt hámark ef búnaður bilar?		
Eru reglur frá framleiðendum um merkingar sýnilegar gestum? T.d. hversu lengi gestir megi dvelja, hverjir skyldu ekki fara í gufubað nema hafa ráðfært sig við lækni og að gestir gæti þess að drekka nóg vatn eða annan hollan vökva?		
HEITIR POTTAR (SETLAUGAR)		
Eru merkingar við heita potta sem sýna hvert hitastigið er í potti?		
Eru reglur frá framleiðendum um merkingar sýnilegar gestum? T.d. hversu lengi gestir ættu að dvelja, hverjir ættu ekki að fara í heita potta nema ráðfæra sig fyrst við lækni og að gestir gæti þess að drekka nóg vatn eða annan hollan vökva?		
Eru reglur um hvort börn megi vera í heitum pottum? Athuga ber að börn undir 10 ára þola mun verr hita (geta brennt sig) en fullorðið fólk?		
Eru niðurföll með hársíum?		
Eru niðurföll laus við sog þannig að ekki sé hægt að festast við þau?		
Er hitavari til staðar sem tryggir að aldrei renni heitara vatn í pottinn en það sem gefið er upp á merkingum?		
Er aðgengi að potti gott fyrir eldra fólk handlisti/handrið?		
Eru þrep eða botn í potti hál?		
SUNDLAUG		
Eru dýptarmerkingar til staðar og eru þær skýrar? Í laugum þar sem botni hallar skyndilega og laugin dýpkar, eru þá sýnilegar merkingar á hliðum sem gefa til kynna hvar halli byrjar?		
Eru merkingar sem sýna gestum skýrt hvar ekki má stinga sér til sunds?		
Eru leiðbeiningar við dýfingabretti sem sýna hvernig þau skulu notuð og hvað má ekki gera?		
Er yfirborð dýfingabretta hált?		
Stigar í sundlaug: Er bil á milli þrepa á bilinu 9-23 cm? Ef svo er þarf að laga það strax. Bil sem eru á milli 9-23 cm eru hættuleg þar sem börn eru. Þau geta fest líkamann og komast ekki upp án aðstoðar.		
Er bil á milli stiga og veggjar meira en 9 sm? Ef svo er er hætta á að barn geti fest sig og þar með er hætta á drukknun		
Eru þrep hál?		
Er handrið til þess að auðvelda öllum aðgengi?		
Ef sog er á niðurföllum í laug, er hætta á að líkami barns geti sogast fastur?		
Eru ristar fyrir öllum stútum með sogi kúptar þannig að ekki sé hætta á að sogast fastur við stútinn?		
Eru niðurföll sem mynda sog t.d. ef kveikt er á gosbrunni í lauginni? Kanna þarf hvort niðurfallsstútar séu með hársíum og kúptir og að kraftur sé ekki það mikill að barn geti sogast fast við stút?		
Eru göt á niðurfallsristum stærri en 8 mm? Stærri göt geta orðið til þess að barn geti fest fingur í rist?		
SUNDLAUGARBAKKI		
Er snjóbræðslukerfi í sundlaugarbakka? Virkar það vel í frosti?		
Ef sundlaugarbakki er ekki upphitaður, eru gerðar skipulegar ráðstafanir gegn hálku áður en gestir mæta? T.d. að salta helstu gönguleiðir og loka af önnur svæði sem eru hál?		
Eru yfirborð sundlaugarbakka með hálkuviðnámi og virkar það í mikilli bleytu?		
Ef hálkuviðnám er ekki til staðar hafa þá verið gerðar aðrar ráðstafanir, t.d. að setja stamar mottur á helstu gönguleiðir og loka af hál svæði á bakka?		
Eru skýrar merkingar um það hvar hálka er til staðar?		
Er lýsing á sundlaugarbökkum góð við verstu aðstæður og er tekið mið af sjónsviði eldra fólks?		
Er lýsing jöfn?		
Eru vatnspóstar aðgengilegir og er frágangur þeirra öruggur? Ekki bleyta í kringum þá?		
Eru ruslaílát þannig staðsett að þau valdi ekki slysahættu?		
Eru bekkir sem notaðir eru til sólbaða stöðugir og heilir? Eru þeir yfirfarnir reglulega og lagaðir ef upp koma bilanir?		
Eru handlistar á helstu gönguleiðum?		
VAÐLAUG		
Er botn í vaðlaug flatur/sléttur? Vaðlaugar sem eru skálarlaga eða með hallandi botni eru mjög hættulegar.		
Er botn í vaðlaug háll?		
Er auðvelt fyrir gesti að komast ofan í vaðlaug og upp úr henni aftur? Er handlisti sem hægt er að styðja sig við?		
Eru niðurföll með hársíum?		
Eru niðurföll laus við sog þannig að ekki sé hægt að festast við þau?		
Eru þrep hál?		
GOSBRUNNAR		
Er hæð gosbrunns þannig að ekki skapist hætta á að reka sig á einhvern hluta hans?		
Er auðvelt fyrir börn að klifra upp á gosbrunninn?		
Eru einhverjir hlutar hans sem hægt er reka sig í?		
Þegar kveikt er á gosbrunni er þá hætta á að sog myndist við niðurfall í lauginni í kring?		
VATNSRENNIBRAUTIR		
Er vatnsrennibraut tekin út af Vinnueftirliti í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda?		
Fer Vinnueftirlitið árlega yfir öryggisatriði brautarinnar?		
Er farið eftir leiðbeiningum framleiðanda rennibrautar um reglubundið viðhald?		
Er það sem ekki er í lagi lagfært strax?		
Myndast hætta fyrir aðra gesti laugarinnar vegna biðraða sem geta myndast við rennibraut?		
Endar rennslissvæðið í sérlaug sem uppfyllir rétt stærðarhlutföll rennibraut/laug þannig að ekki sé hætta á að þeir sem renna sér lendi á öðrum gestum?		
Eru umferðarljós á rennibraut?		
Ef svo er, er skynjari neðst sem stjórnar ljósum?		
Eru þrep upp í rennibraut hál?		
Eru handlistar á handriði í hæfilegri hæð fyrir notendur?		
Eru fallvarnir efst í stiga í lagi?		
INNRA EFTIRLIT		
Er virkt eftirlit með vatnsrennibraut, gufubaði, hálku, heitum pottum?		
Er sundlaug yfirfarin að morgni m.t.t. skemmda eða drasls?		
Eru til verkferlar fyrir viðbrögð vegna bilana og skemmda á búnaði? Eru sérstök eyðublöð notuð þar sem hægt er að fylgja málum eftir?		
Eru til reglur um viðbrögð í þeim tilfellum þar sem búnaður bilar og ekki er hægt að laga hann? Bráðabirgðaviðbrögð?		
LEIKFÖNG		
Eru flotleikföng í notkun í lagi og skoðuð vikulega?		
Eru þau tekin úr notkun um leið og þau bila?		
Eru notkunarleiðbeiningar með flotleikföngum aðgengilegar notendum?		
Er ávallt farið eftir leiðbeiningum sem fylgja flotleiktækjum varðandi notkun? Eru tækin staðsett og notuð á réttum stöðum samkvæmt leiðbeiningum?		
Er bann við notkun öndunarpípna?		
ÖRYGGISFERLAR		
Fá nýir starfsmenn aðlögun og er gátlista um móttöku nýrra starfsmanna fylgt eftir?		
Er þess ávallt gætt að einstaklingur sem sinnir laugargæslu standist hæfnispróf laugarvarða árlega og að hann hafi tekið skyndihjálparnámskeið sem sérstaklega er ætlað sund- og baðstöðum? Gildir það sama um starfsmenn sem leysa laugarvörð af?		
Er skrifleg neyðaráætlun til staðar og kunna allir starfsmenn hana og vita hvert er þeirra hlutverk?		
Er öryggishandbók til staðar og kunna allir starfsmenn að nota hana og öll þau gögn sem nota á í virku eftirliti?		
Er afrit af gátlista sent til eiganda sundstaða innan tíu daga frá útfyllingu?		
Eru allir gátlistar vistaðir í öryggishandbók þannig að þeir séu ávallt aðgengilegir eftirlitsaðilum?		
Eru til staðar símar, kalltæki eða annar búnaður sem hægt er að nota til samskipta í neyð og reglur um þau samskipti?		
Eru neyðarnúmer skráð við alla síma?		
Eru viðbrögð við bruna, eiturefnaslysum og náttúruvá virk og æfð reglulega?		
Er björgunar- og endurlífgunar-búnaður í lagi?		
Er hann yfirfarinn vikulega?		
Er sjúkrakassi í lagi? Er dauðhreinsaðurbúnaður í lagi, ekki útrunninn?		
Er skólasund stundað í laug?		
Hafa allir sundkennarar staðist hæfnispróf laugarvarða og tekið skyndihjálparnámskeið sérstaklega ætlað sund- og baðstöðum eins og reglugerð segir til um?		
Fer laugarvörður yfir viðbragðsáætlun í upphafi skólasunds að hausti og fer yfir sjúkrakassa og allan búnað til björgunar?		
Fer laugarvörður yfir samskipti starfsmanna sundstaða við sundkennara í kringum móttöku barna í skólasund?		
Er ávallt farið eftir reglum um fjölda barna (15) á hvern kennara?		
Er ávallt farið eftir reglum um lágmarks hitastig vatns í kennslulaug?		
Hafa allir sundkennarar/sund-þjálfarar staðist hæfnispróf laugarvarða og tekið skyndihjálparnámskeið sérstaklega ætlað sund- og baðstöðum eins og reglugerð segir til um?		
Fer laugarvörður yfir viðbragðsáætlun með sundkennara/-þjálfara í upphafi kennslu-/þjálfunar tímabils og fer yfir sjúkrakassa og allan búnað til björgunar?		
Fer laugarvörður yfir samskipti starfsmanna sundstaða við sundkennara/-þjálfara í kringum móttöku barna í sundkennslu/-þjálfun?		
Er ávallt farið eftir reglum um fjölda barna (15) á hvern kennara/þjálfara?		
Er ávallt farið eftir reglum um lágmarks hitastig vatns í kennslulaug?		
Er reglum um stærð barnahópa (15) fylgt?		
Eru öryggisreglur kynntar fyrir þeim aðilum sem koma með börn í sund?		
Þarf að panta tíma fyrir hópa þannig að ekki mæti of margir í senn?		
Eru hópar merktir með áberandi lit, t.d. borðum á upphandlegg eða á sundhettum?		
Er merking neyðarútgönguleiða í lagi?		
Eru útgönguleiðir greiðfærar? Engin fyrirstaða og læsingar á hurðum í lagi?		
Eru reykskynjarar í lagi og þeir reglulega yfirfarnir?		
Eru slökkvitæki í lagi og vita starfsmenn hvar þau eru og hvernig þau virka? Fá þeir reglulega kennslu í notkun þeirra?		
Er skriflegt plan yfir neyðarútganga og hverja skuli nota við mismunandi aðstæður?		
Er gasskynjari til staðar (ef gas er notað)?		
Er lekastraumsrofi og vita allir hvar hann er?		
Er farið eftir leiðbeiningum Vinnueftirlits um umgengni við klór?		
Eru öll slys skráð á sérstakt eyðublað og þau geymd í öryggishandbók? Er farið reglulega yfir þessi slys og niðurstöður nýttar í forvarnaskyni?		
Er ávallt hringt á lögreglu í alvarlegum slysum vegna skýrslugerðar?		
Eru alvarleg slys ávallt tilkynnt til rekstraraðila, heilbrigðiseftirlits eða Vinnueftirlits eftir því hvað við á?		
Er gengið frá búnaði sem skapar öldur samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda?		
Er laugin merkt sem öldulaug? Eru notkunarleiðbeiningar frá framleiðanda sýnilegar notendum?		
Er gestum gert viðvart þegar ölduvél er sett í gang og er aukin gæsla á meðan?		
Er gengið frá búnaði sem hreyfir hliðar og botn eins og leiðbeiningar frá framleiðanda gera ráð fyrir? Er frágangur í lagi eða eru/hafa orðið skemmdir á þeim búnaði?		
Eru leiðbeiningar til staðar um að hliðar eða botn séu hreyfanleg og viðvaranir um hvað beri að varast samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda?		
Er gestum ávallt vísað upp úr á meðan botn/hliðum er breytt, svo ekki hljótist slys af?		

* **V** Í lagi **X** Ekki í lagi **O** Á ekki við